

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um toll af vínföngum með póstskipinu.* — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi herra amtmannsins 3. þ. m. hefi meðtekið álit hins setta bæjarfógeta í Reykjavík út af ágreiningi milli hans og hins setta sýslumanns í Gullbringusýslu um skilning á lögum 24. ágúst f. á. um breyting á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febrúar 1872, 2. gr., að því er snertir greiðslu gjaldsins af vörum þeim, er flytjast til landsins með gufuskipum, en þenna ágreining hafið þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 18. f. m. eptir tilefni frá síðastnefndum embættismanni lagt undir minn úrskurð, — læt jeg yður nú hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að eptir mínu áliti er ekkert því til fyrirstöðu, að tollur af áfengum drykkjum, sem flytjast hingað með póstgufuskipinu, sje greiddur á þeirri höfn, er skipið kemur fyrst á hjer á landi, þegar formaður gufuskipins eða afgreiðslumaður þess fer fram á það og vill greiða tollinn fyrir hönd þess, er við vörum tekur; en vísi formaður gufuskipins eða afgreiðandi þess til viðtakanda með skil fyrir tollgjaldinu, á samkvæmt lögum 24. ágúst f. á. að fara eptir reglunum í tilskipun 26. febr. 1872, 4. grein, og verður þá lögreglustjórinn þar, sem vörurnar eru fluttar í land, að heimta tollinn.

121
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um toll af ölextrakti.* í þóknanlegu brjefi frá 27. f. m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá því, að kaupmaður Fischer hjer í bænum hafi bedið sjer endurgoldna 1 kr. 50 a., er hann hefir verið krafinn um sem toll af brúsa af «ölextrakti», er tók 80 potta, og fluttist hingað með skipinu Helene Frederikke 14. f. m., með því að nefnd vara verði ekki talin öl, en sje læknismedal, einskonar síróp. Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að «ölextrakt» verði, þangað til það sannast, að það svari ekki til heitis síns, að álitast tollskyldt samkvæmt lögum 11. febr. 1876, og gjöra þau með tilliti til tollskyldunnar engan mun á því, hve sterkt ölið sje, eða, til hvers það sje haft.

122
15. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um aukakosningu til alþingis.* — Þar eð sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir með brjefi 29. f. m. skýrt frá, að alþingismaður J. A. Blöndal, hafi andazt 3. s. m., og að alþingismaður E. B. Guðmundsson hafi beiðzt lausnar frá starfa sínum sem þingmaður fyrir Skagafjarðarsýslu, vil jeg hjer með skora á yður, herra amtmaður, að gjöra ráðstöfun til, að kosnir verði 2 alþingismenn fyrir nefnda sýslu fyrir það, sem eptir er af kjörtímanum, er nú stendur yfir, samkvæmt reglum þeim, sem 1. liður í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskrá 5. janúar 1874, hefir inni að halda.

123
25. júlí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fje til jarðabóta.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og amtsráðsins fyrir vesturumdæmið skal af fje því, sem með 10. gr. C 5. fjárlaganna er ákveðið til eflingar jarðarækt og sjáfarútvegi veittur eptirnefndum piltum, er stunda jarðyrkju og búfræði við skólann á Stend í Noregi, styrkur, eins og nú segir:

124
2. ágúst

Hinn 2. október 1878.